

# Ársskýrsla Æskulýðsnefndar hestamannafélgsins Snæfellingur 2024:

Núverandi æskulýðsnefnd tók til starfa um áramótin 2023/ '24 og eru í henni 4 fulltrúar:

Katrín Gísladóttir, Grundarfjörður

Sigríður Sóldal, Stykkishólmur

Ulrike Taylor, Eyja-og Miklaholtshreppur

Katharina Kotschote, Eyja- og Miklaholtshreppur

Hestamannafélagið Snæfellingur spannar stórt félagssvæði með dreifbýli og þéttbýliskjörnum og er reynt að fá fulltrúar af hverju svæði inn í nefndina.

Markmið Æskulýðsnefndarinnar er að vekja og viðhalda áhugan hjá ungum knöpum að stunda hestaíþróttir, að kynna fyrir þeim mismunandi hliðar og útfærslur íþróttarinnar, að efla og styrkja þau félagslega og á hestbaki og fyrst og fremst að hafa gaman saman. Til þess að ná þessum markmiðum leggjum við okkur fram um að skipuleggja skemmtilega dagsskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Þann **9. febrúar** var haldið Bingókvöld í Faxaborg, félagsheimili hestamannafélagsins. Fyrirtæki á félagssvæðinu styrktu þennan viðburð með veglegum vinningum, æskulýðsnefndin bauð upp á kaffi, djús og kökur, vel var mætt af krökkum og allir skemmtu sér vel. Í lokin voru afhent viðurkenningaspjöldin fyrir þátttöku í mótaröðuninni '23 og stjórn félagsins splæsti í pizzupartý.

Þau krakkar sem hlutu viðurkenning fyrir þátttöku í mótaröðuninni '23 voru:

## Í Barnaflokki:

Ari Osterhammer Gunnarsson

Elín Una Eggertsdóttir

Haukur Orri Bergmann Heiðarsson

Rebecca Luise Lehmann

Sól Jónsdóttir

**Í Unglingaflokki:**

Hera Guðrún Ragnarsdóttir

Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir

Kristín Lára Eggertsdóttir

Valdís María Eggertsdóttir

Íris Anna Sigfúsdóttir

**Í Ungmennaflokki:**

Gróa Hinriksdóttir

Hafdís Lóa Sigurbjörnsdóttir



Hestamannafélagið stendur fyrir mótaröð á hverju ári sem samanstendur af þremur mótum og eru börn og unglingar dugleg að taka þátt í henni.

Fyrsta mótið var haldið **1. mars** í reiðhöllinni í Ólafsvík og var keppt í þrígangi



Annað mótið var haldið 5. apríl í Stykkishólmi og kepptu börn og unglingar í Tölt T7



Og þriðja mótið í mótariðuninni var haldið 9.maí í Gundarfirði og var keppt í gæðingakeppnisflokkum fyrir hvern aldurshóp.



Þátttakan var góð á öllum þrem mótunum og stoðu krakkarnir sig með pryði.

**15./16. og 18./19. apríl** var haldið reiðnámskeið fyrir byrjendur og börn á aldrinum 5-10 ára. Kennarinn var Sigríður Sóldal. Námskeiðið var haldið á tveim stöðum á félagssvæðinu, annarsvegar í reiðhöllinni í Ólafsvík og hinsvegar í reiðhöllinni í Stykkishólmi til þess að koma til móts við börn á öllu félagssvæðinu og stytta akstursleiðir fyrir foreldrar. Kennnt var tvo daga í röð á hverjum stað fyrir sig og útvegaði Æskulýðsnefndin hesta og búnað til þess að börn sem stunda ekki ennþá hestamennsku gæti tekið þátt og kynnt sér íþróttina. Eldri börnin sáu um að teyma undir þeim kjarkminni.





Opið íþróttamótið Snæfellings var haldið **28.apríl** í Grundarfirði og átti yngri deildin sína fulltrúa á mótinu. Skráningin í barna- og unglingsflokkum var góð og veðrið frábært eins og sést á myndunum.





Ásdís Sigurðardóttir, Guðný Margrét Siguroddsdóttir og Siguroddur Pétursson buðu upp á undirbúningsnámskeið fyrir börn, unglunga og ungmenni fyrir opið gæðingamót sem var haldið 1.júní í Stykkishólmi og nýttist mörgum sem æfing fyrir landsmótið. Námskeiðið var vel sótt og það skiptir máli fyrir yngri kynslóðina þegar keppnisreyndir knapar miðla þekkingu og reynslu sinni áfram til þeirra.

Opið Íþróttamótið var svo haldið í Stykkishólmi þann **1.júni**, þátttakan var að venju góð og stóðu allir sig vel. Gaman að nefna að efnilegasti knapi mótsins var valinn Haukur Orri Bergmann Heiðarsson og keppir hann í unglungaaflokki.



Hápunktur keppnistímabilsins fyrir hestafólkið var á þessu ári Landsmótið hestamanna sem haldið var **1.-7.júlí** í Víðidalnum í Reykjavík. Úrtökumótið fór fram **8.-9.júní** í Borgarnesi og náðu 7 knapar úr yngri flokkunum að tryggja sér þátttökurétt á landsmótinu. Þrátt fyrir að engin þeirra náði upp úr gríðarsterkri forkeppni þá stoðu allir sig með þryði, sýndu íþróttaskap og urðu hestafélaginu sínu til sóma.

Þann **15.júlí** var ákveðið að breyta aðeins til, skila hestana eftir heima og fara í sund í sundlauginni í Stykkishólmi. Þar mættu 10 kátir krakkar til leiks og busluðu í blíðskapa veðri. Að sundinu loknu féngu allir sér pýlsur í boði hestamannafélagsins.







Hestamennskan snýst að sjálfsögðu ekki bara um að keppa heldur líka um útivíst, ánægulega samveru við hesta og menn og félagsskap. Æskulýðsnefndin efldi til barna- og fjölskyldu hestaferða þann **10.ágúst** og var farið af stað frá Minni-Borg og riðið yfir að Miklaholtsseli þar sem grillaðar voru pylsur og leikið sér í hlöðunni áður en haldið var tilbaka. Allt í allt voru 20 í hnakk, veðrið var gott og allir skemmtu sér vel.





Helganámskeiðin á Skáney eru vinsæl hjá krökkunum í Snæfellingi. Í þetta skiptið var farið með hóp af 15 krökkum á aldrinum 7-13 ára dagana **4.-6.október**. Á Skáney er svo gíst, leikið og lært um allt sem viðkemur hestamennsku. Kennt er í tveimur hópum eftir getu barnanna og fá allir 4

reiðtíma. Þar fyrir utan er lært um umhirðu, fóðrun og fleira og þarf hvert barn að hugsa um "sinn" hest alla helgina. Þetta námskeið er tækifæri fyrir öll börn að dýpka sína þekkingu á íslenskum hestum, en líka fyrir börn sem eiga ekki eigin hesta að upplifa hesthúsastemninguna. Auk sem þau öll kynnast krökkum með sama áhugamál.





Á döfinni í æskulýðsstarfinu er svo námskeið í hestafimleikum. Katrín Smitt kemur frá Hvammstanga í nóvember til þess að kynna íþróttina fyrir áhugasömum krökkum. Jafnframt fá allir sem vilja, að prófa og kennslu í undirstöðuatriðum.

Hrekkjavakan verður haldin hátíðlega í byrjun nóvember.

Æskulýðsstarfið er skemmtilegt og gefandi og er góð leið að krakkar með sama áhugamáli fá að kynnast, stunda íþróttina saman og bæta sína þekkingu á íslenska hestinum.

12. október

Katharina Kotschote

Ulrike Taylor

Katrín Gísladóttir

Sigríður Sóldal